



## Tillaga áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

### 90. fundur skóla- og frístundaráðs, 25. nóv. 2015, sjá [fundargerð](#)

6. liður

#### **Vegna bókakosts Móðurmáls.**

Áheyrnarfulltrúi foreldra leggur til að skóla- og frístundasvið hafi frumkvæði að því að hefja viðræður við Móðurmál, félag tvítyngdra barna og félag fagfólks á skólasöfnum hvernig best fari á því að gera bókakost Móðurmáls, félags tvítyngdra barna sýnilegan og aðgengilegan fyrir börn af erlendum uppruna. Skoðað verði hvort ekki sé hægt að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun borgarinnar að fé verði veitt til skráningar og hýsingar á þessum bókakosti í Gegni. Þetta myndi samræmast vel umbótaþáttum SFS málþroski, læsi og lesskilningur, fjölmenningu og áherslu á móðurmál, sjá meðfylgjandi greinargerð.

[Krækja á greinargerð](#)

Málinu var frestað.

Tillagan var aftur tekin fyrir á fundi þann 16. des. 2015 ([sjá fundargerð](#), 2. liður) og var samþykkt.